

Félagsmálaráðuneyti
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík
Sent í samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 24. febrúar 2021.

Efni: Umsögn við drög að frumvarpi til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (barnaverndarþjónusta, umdæmisráð barnaverndar, samþætting o.fl.). 151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal x – x. mál. Stjórnarfrumvarp.

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn á þessu stigi máls vegna frumvarps til laga um um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (barnaverndarþjónusta, umdæmisráð barnaverndar, samþætting o.fl.). Félagið fagnar áformum um heildarendurskoðun barnaverndarlaga og þær breytingar sem kynntar eru í frumvarpsdrögum.

Að mati félagsins er löngu tímabært að endurskoða stjórnslu barnaverndar og getur félagið tekið undir flesta þá þætti sem koma fram í frumvarpsdrögum. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpsdrögum er það afurð víðtæks samráðs og hafa fjölmargir félagsráðgjafar komið að þeirri vinnu. Félagsráðgjafar hafa ítrekað bent á vankannta núverandi kerfis, meðal annars á að fámenni innan margra barnaverndarumdæma takmarkar faglegt starf. Auk þess hefur verið bent á að sérhæfingu skorti víða sem dregur úr möguleika á að veita fullnægjandi þjónustu. Þá hefur verið gagnrýnt að pólitískar áherslur ráði því hverjir veljast til ákvarðanatöku í barnaverndarmálum og bent á að ákjósanlegt væri að fela fagraðum sem sinntu stærri umdæmum en núgildandi lög kveða á um, að fara með ákvarðanatöku sem er umfram þær heimildir sem eðlilegt er að fela einstökum starfsmönnum.

Félagsráðgjafafélag Íslands styður því áform um að leggja af barnaverndarnefndir og fela dagleg verkefni í barnavernd barnaverndarþjónustu og umdæmisráðum aðkomu að tilteknum ákvörðunum og ráðstöfunum í barnavernd. Félagið styður það að umdæmisráð verði skipuð félagsráðgjafa, lögfræðingi og sálfræðingi. Félagið styður einnig stækkun umdæma barnaverndarþjónustu og að í það minnsta 6.000 íbúar standi að baki hverri þjónustu. Mikilvægt er að hver eining barnaverndarþjónustu hafi ekki færri en tvö stöðugildi og tryggja verður að félagsráðgjafar verði ráðnir til að sinna þessum verkefnum. Félagsráðgjafar eru sérfræðingar þegar kemur að félagslegri heilsu, þeir hafa þekkingu á einstaklingsþroska, fjölskyldusamskiptum, löggjöf, þjónustustofnunum og félagslegum úrræðum og mynda þannig mikilvæga brú á milli einstaklings, fjölskyldu og samfélags. Með heildarsýn að leiðarljósi leita félagsráðgjafar leiða til þess að tengja saman þjónustukerfi og ná þannig fram aukinni skilvirkni í þjónustu með samstarfi og samþættingu þjónustu sem veitt er af ólíkum þjónustukerfum og stofnunum samfélagsins, skjólstaðingum sínum til hagsbóta. Félagsráðgjöf er heilbrigðisgrein og sækja félagsráðgjafar um starfsleyfi til Landlæknisembættis. Til þess að geta sótt um starfsleyfi þarf að ljúka fimm ára námi,

sem felur í sér þriggja ára nám til BA-prófs auk tveggja ára MA-náms til starfsréttinda í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands.

Félagið styður einnig samþættingu barnaverndarþjónustu annarri þjónustu í þágu farsældar barna, eflingu þátttöku barna við meðferð barnaverndarmála og stafrænar lausnir í barnavernd. Fjöldi barna sem eru til meðferðar barnaverndarnefnda ár hvert hefur vaxið á undanförunum árum en árið 2013 voru þau 4622 en 5503 árið 2018, ekki liggja fyrir nýrri tölur frá barnaverndarnefndum á vef Barnaverndarstofu (<https://www.bvs.is/tolfraedi-og-utgefid-efni/lykiltolur/>) en þarna er veruleg aukning á fimm ára tímabili. Samkvæmt upplýsingum úr sískráningu barnaverndarnefnda fjölgar tilkynningum og málum barna sem eru til meðferðar barnaverndarnefnda en á árinu 2020 bárust 13.142 tilkynningar um mál 10.400 barna en fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð var samtals 7.289 (<https://www.bvs.is/media/almennigur/Skyrsla-um-samanburd-aranna-2018-2019-and-2020.pdf>). Það er mikilvægt að auka þjónustu í nærumhverfi með áherslu á snemmtæka íhlutun til að draga úr þessum vexti og fyrirbyggja að áskoranir í lífi barna leiði til íhlutunar barnaverndar. Þá styður félagið rýmri heimildir til að vista barn utan heimilis þegar slíkt er nauðsynlegt en hvetur til þess að þróuð verði aukin úrræði inn á heimili barns til að draga úr þörf fyrir vistun barna utan heimilis en árlega eru yfir 400 börn vistuð á vegum barnaverndaryfirvalda á Íslandi.

Félagsráðgjafafélag Íslands áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum og er félagið tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann,
formaður